


Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Akureyri 1. apríl 2009

Efni: Umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstað á Glerárdal.

Flokkun Eyjafjörður ehf., kt. 680607-1170, hyggst nýta heimild 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003, sem heimilar staðsetningu nýs urðunarstaðar við hlið urðunarstaðar sem lokað hefur verið. Hér með er óskað eftir starfsleyfi fyrir nýjan urðunarstað til áframhaldandi reksturs urðunarstaðar fyrir óvirkan og blandaðan úrgang á Glerárdal fyrir ofan Akureyri. Áætlað er að loka öllu því svæði sem hefur verið urðað á og opna þennan nýja urðunarstað á afmörkuðu svæði innan þess svæðis sem umhverfismat var gert fyrir árið 1994, (sjá meðfylgjandi loftmynd af svæðinu). Umhverfismatið er í meðfylgjandi gögnum: *Urðunarstaður á Glerárdal. Umhverfismat vegna stækkunar staðarins. Frummat. Stuðull Verkfræði og jarðfræðipjónusta.*

Urðunarstaðurinn verður staðsettur á svæði þar sem þegar er fráveitulög fyrir sigvatn og ofan á jökulruðningnum í botni þess er siturlag úr sandi og mól. Urðunin mun fara fram með hefðbundnu formi í urðunarreinum og þjappað í lögum með troðara. Úrgangurinn sem tekinn er til urðunar er óvirkur úrgangur, blandaður heimilisúrgangur og samskonar leifar frá rekstaradilum, ásamt úrgangi sem ekki eru til viðurkenndar endurvinnsluleiðir fyrir. Einnig munu dýrahæ og sláturúrgangur frá heimaslátrun, sem ekki getur farið til jarðgerðar, verða urðað á staðnum en magn þess flokks er lítið. Heildar magn þess úrgangs sem urðaður verður á þessum nýja stað verður um 10.000 tonn á ári. Sótt um starfsleyfi til hámark tveggja ára. Stærð þess nýja svæðið sem afmarkað er fyrir þennan nýja urðunarstað er um 8000 m², (sjá á meðfylgjandi loftmynd). Verið er að vinna að framtíðarlausnum í úrgangsmálum á svæðinu og er ljóst að urðun á Glerárdal verður aðeins samþykkt af landeiganda þann tíma sem fer í undirbúning á að koma þeim lausnum í gang.

Hinn nýi urðunarstaður verður eins og áður segir staðsettur innan þess svæðis þar sem voru unnar allmiklar framkvæmdir við botnþéttingu og drenlagnir settar til söfnunar á sigvatni. Valið á staðsetningu er fyrst og fremst hugsað út frá því að urðun á Glerárdal er aðeins hugsuð til mjög skamms tíma til viðbótar og því ekki talið ráðlegt að fara í kostnaðarsamar aðgerðir á alveg nýju svæði. Á þessu svæði hafa verið gerðar aðgerðir til að fyrirbyggja og draga úr mengun. Jafnframt verður haldið áfram markvissu starfi í því að auka flokkun og ná úr urðun þeim úrgangi sem á að fara til endurvinnslu. Nú þegar hefur tekist að ná öllum jarðgerðarlegum slátur- og fiskúrgangi á Eyjafjarðarsvæðinu til jarðgerðar. Frá og með júní 2009 færast öll sú jarðgerð frá frumstæðu jarðgerðarsvæði Tætingar á Glerárdal til jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit. Framtíðarhugmyndin er að ná öllum matarleifaúrgangi frá veitingarhúsum, verslunum og mótuneytum, ásamt matarleifum frá heimilum í þéttbýli líka til jarðgerðar.

Aðeins er fyrirhugað að reka urðunarstaðinn tímabundið og rekstarform er fyrirhugað með sama sniði og verið hefur. Vöktun mun áfram fara fram samkvæmt kröfum í starfsleyfi og jafnframt mun áfram vera haft eftirlit með því að ekki fari óflokkaður úrgangur eða spilliefni til urðunar. Í verklagsreglum Flokkunar eru skilgreind viðbrögð við því ef fyrirtæki eru að skila óflokkuðum úrgangi. Eftirlit með þessu hefur verið hert til muna og auðséð er að það hefur skilað verulegum árangri. Flokkun rekstarúrgangs hefur lagast til muna og magn úrgangs sem urðað er minnkað í samræmi við það.



FLOKKUN

Áætlað er að loka urðunarstaðnum endanlega um leið og aðrar lausnir í úrgangmálum á svæðinu koma til framkvæmda eða í síðasta lagi þegar starfsleyfið rennur út. Frágangur á urðunarsvæði og eftirlit mun fara fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar 738/2003, um urðun úrgangs, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Varðandi urðunarsvæðið sem nú er í notkun mun því einnig vera lokað samkvæmt reglum þar um. Þykkt jarðvegslag verður sett yfir og sáð grasfræi. Nú þegar hefur verið lokað námusvæði sem liggur fyrir utan urðunarsvæðið. Búið er að setja tölvuvert að jarðvegi í það og næsta sumar mun Akureyrarbær halda áfram með fráganginn á því svæði.

Framtíðaráætlanir Akureyrarbæjar eru að ná að endurheimta eins og hægt er náttúrulegt landslag Glerárdals. Margar gönguleiðir liggja í Glerárdal og framtíðar landnotkun á svæðinu er aðeins hugsuð sem útivistarsvæði. Varðandi gildandi skipulagsáætlun er vísað í Aðalskipulag Akureyrarbæjar á heimasíðu Akureyrarbæjar, <http://www.akureyri.is/skipulagsdeild/ymsargreinar/nr/8452>

Varðandi nánari lýsingar á þáttum eins og landslagi, gróðurfari, vatnajarðfræði, jarðfræðilegum eiginleikum, umhverfisáhrifum, mengunarvörðunum o.fl. er vísað í upplýsingar í meðfylgjandi umhverfismati.

Virðingarfyllt,

Eiður Guðmundsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl:

- Upplýsingar um stöðu skipulags á svæðinu, <http://www.akureyri.is/skipulagsdeild/ymsargreinar/nr/8452>
- Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum: *Urðunarstaður á Glerárdal. Umhverfismat vegna stækkunar staðarins. Frummat. Stuðull Verkfræði og jarðfræðiþjónusta, 1994.*
- Loftmynd af svæðinu. Þessi loftmynd sýnir gróft staðsetningu nýja urðunarstaðarins sem sótt er um starfsleyfi fyrir. Ekki hefur verið hægt að fara og gera nákvæmar mælingar sökum mikilla snjóalaga. Úr því verður bætt um leið og snjóá leysir og þá mun verða send nákvæmari teikningar af svæðinu.

Umhverfisstofnun
Áb. <u>607 SK</u>
26 AUG. 2009
47 11
Tilv. <u>LSJ 20090400019</u>

Umhverfisstofnun
Bt. Guðmundar B. Ingvarssonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Akureyri 24. ágúst 2009

Efni: Tillaga að STARFSLEYFI Flokkunar Eyjafjarðar ehf. vegna urðunarstaðar á Glerárdal. Umsókn um undanþágur, breytingar eða frekari túlkun á einstökum greinum starfsleyfis.

Flokkun Eyjafjörður ehf. óskar eftir að Umhverfisstofnun veiti heimildi til breytinga á eftirtöldum greinum starfsleyfis til samræmis við eftirfarandi:

1.1 Rekstraraðili

Sótt er um að starfsleyfið heimili meðhöndlun og forvinnslu endurvinnanlegs úrgang s.s múrbrots og garðaúrgang á athafnasvæði utan afmarkaðs urðunarstaðar. Einnig að staðsetja gáma fyrir endurvinnanlegan úrgang sem flokkaður er frá við losun.

Inn komi eftir farandi texti:

„Urðunarstaðurinn á Glerárdal er afmarkaður af eftirfarandi GPS hnitum:

NR	X	Y
L1	538431.0330,	573502.4860
L2	538423.4560	573528.1890
L3	538410.3960	573581.7670
L4	538389.9480	573593.6070
L5	538414.1890	573611.2040
L6	538424.5250	573641.0090
L7	538457.1070	573686.6000
L8	538513.7990	573718.7680
L9	538535.0700	573702.0610
L10	538483.5570	573627.9300
L11	538476.1200	573595.5190
L12	538463.7010	573575.5840“

1.2 Umfang urðunar

Sótt er um að breyta magni sem heimilt er að urða úr 10.000 tonn/ári í 12.000 tonn. Þrátt fyrir að áætlanir geri ráð fyrir að hámarks urðun verði 10.000 tonn þá verður að viðhöfðu varúðar sjónarmið að gera ráð fyrir allt að 20% fráviki frá áætlun.

2.1 Umhverfi og takmörkun að gangi

Sótt er um undanþágu frá þessu ákvæði. Vísað er til þess að svæðið er innan fjallgirðingar Akureyrarbæjar og því varið gegn ágangi búfjár. Mjög erfitt er að girða svæði manheldri girðingu. Lagt er til að það verði látið nægja að loka akstursleiðum og gefa til kynna með skiltum að svæði sé lokað og að það geti verið hættulegt að fara inn á svæðið.

3.1 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Sótt er um undanþágu frá eftirfarandi ákvæði í grein 3.1.

„Á botni og í hliðum urðunarstaðarins skal vera jarðfræðilegur tálmi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði um lekt (K) og þykkt:

$$K \leq 1,0 \cdot 10^{-9} \text{ m/s, þykkt} \geq 1 \text{ m}$$

Uppfylli jarðfræðilegi tálminn ekki ofangreind skilyrði frá náttúrunnar hendi má fullgera hann og styrkja á annan hátt þannig að hann veiti samsvarandi vörn.“

Þar sem nýtt urðunarsvæðið er innan þess svæðis sem gengið var frá skv. eldra starfsleyfi var ekki gert ráð fyrir kröfu um lekt undir $1,0 \cdot 10^{-9}$ m/s. Til að uppfylla þessa kröfu þyrfti að ráðast í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir sem í ljós þess að starfsleyfið er aðeins veitt til 2 ára væri vart réttlætanlegt. Einnig er á svæðinu eldri urðunarstaður sem notaður hefur veri undanfarin 20 ár þar sem kröfur um lekt eru ekki sambærilegar. Það er því ólíklegt að slík krafa til mun minni urðunarstaðar á sama svæði sem aðeins væri í notkun í 2 ár skilaði nokkrum árangri m.t.t. heildar lektar af svæðinu.


3.4 Hauggas

Umhverfisráðherra hefur með bréfi dagsettu 15. Júlí 2009 veitt Flokkun Eyjafjörður ehf. undanþágu frá ákvæði 4. tölul. í l.viðauka reglugerðar nr. 738/2003. (sjá meðfylgjandi afrit af bréfi). Undanþágan gildir til 16. Júlí 2011 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Óskað er eftir því að þessi grein starfleyfisins taki mið af þessar undanþágu

4.1 Móttaka úrgangs

Óskað eftir því að Umhverfisstofnun veiti leiðbeiningar um útfærslu á þessum ákvæðum. Dæmi: þarf að skoða bíla með heimilisúrgang. og skrá eiginleika hans? Má byggja á upplýsingu frá rannsóknnum annarra t.d Sorpu um eiginleika heimilisúrgangs sem hægt væri að taka mið af? Þannig væri einungis nauðsynlegt að skrá upplýsingar um magn úrgangsflokk og uppruna úrgangsins en ekki eiginleika hans.

Virðingarfyllt



Einar Guðmundsson

-framkvæmdastjóri-